## Atvinnuástandið í desember

Skráð atvinnuleysi í desember var 0,8% og hefur verið óbreytt frá því í september. Fjöldi skráðra atvinnulausra jókst reyndar örlítið í desember (um 36 manns eða úr 1.321 í 1.357), en þar sem fjöldi þeirra sem hafði vinnu jókst einnig mælist atvinnuleysishlutfallið því sem næst óbreytt.

Atvinnuleysið í desember stóð í stað bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Það mælist nú mest á Suðurnesjum (2,4%) og á Norðurlandi eystra (1,8%).

Alls voru 417 erlendir starfsmenn skráðir inn á íslenskan vinnumarkað í desember eða 450 færri en í fyrra mánuði en 12 fleiri en í sama mánuði í fyrra. Af þeim sem bættust við nú koma 343 frá nýjum ríkjum evrópska efnahagssvæðisins og 74 utan svæðisins.

Atvinnuástandið versnar gjarnan milli desember og janúar. Í fyrra jókst atvinnuleysi t.d. um 0,1 prósentustig milli þessara mánaða. Lausum störfum hjá Vinnumálastofnun fækkaði um 57 í desember frá því í mánuðinum á undan.




### Mat á atvinnuleysi

Vinnumálastofnun og Hagstofa Íslands safna upplýsingum um atvinnuástandið. Tölur Vinnumálastofnunar um fjölda atvinnulausra miðast við þá sem skráð hafa sig hjá stofnuninni og sótt um atvinnuleysisbætur; tölur Hagstofunnar miðast við könnun þar sem fólk er talið atvinnulaust ef það segist vilja og geta unnið en hefur ekki enn fengið vinnu.

Þar sem aðferðafræði stofnananna tveggja við mat á atvinnuleysi er ekki sú sama er ekki við því að búast að tölum frá þeim beri fullkomlega saman. Þó má ætla að hærri atvinnuleysistölur Hagstofunnar en Vinnumálastofnunar sé vísbending um að talsverður hluti atvinnulausra hafi annað hvort ekki rétt til atvinnuleysisbóta eða kjósi að skrá sig ekki á atvinnuleysisskrá.

**Vinnumálastofnun**: Samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar er skráð atvinnuleysi mest á Suðurnesjum (2,4%) og á Norðurlandi eystra (1,8%). Milli mánaða fækkaði atvinnulausum mest á höfuðborgarsvæðinu (12); þeim fjölgar hins vegar mest á Norðurlandi eystra (33) og á Suðurnesjum (18). Milli ára fækkar atvinnulausum alls staðar á landinu.

Meðalfjöldi atvinnulausra í desember 2007

| | | Meðaltal | Meðaltal | 1 mán. breyting | 12 mán. breyting |
|---|---|---|---|---|---|
| | | Hlutfall | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| Landið allt | | 0,8% | 1.357 | 36 | -522 |
| Höfuðborgarsvæðið | | 0,6% | 605 | -12 | -389 |
| Landsbyggðin | | 1,2% | 752 | 48 | -133 |
| Vesturland | | 0,6% | 48 | -8 | -2 |
| Vestfirðir | | 0,6% | 23 | 0 | -1 |
| Norðurland vestra | | 0,4% | 17 | -4 | -6 |
| Norðurland eystra | | 1,8% | 269 | 33 | -41 |
| Austurland | | 0,5% | 42 | 0 | -6 |
| Suðurland | | 0,9% | 110 | 9 | -31 |
| Suðurnes | | 2,4% | 243 | 18 | -46 |
| Karlar | | 0,6% | 616 | 40 | -270 |
| Konur | | 1,1% | 741 | -4 | -252 |

Heimild: Vinnumálastofnun

**Hagstofa Íslands**: Samkvæmt vinnumarkaðaskönnun Hagstofu Íslands var fjöldi á vinnumarkaði 184.700 manns á þriðja ársfjórðungi 2007 og fjölgaði um 6.800 milli ára. Þetta jafngildir því að atvinnuþátttaka sé nú 84,1% (nánast óbreytt frá fyrra ári). Fjöldi þeirra sem var á vinnumarkaði en hafði ekki starf var 3.800 manns eða sem svarar til um 2,1% atvinnuleysis (samanborið við um 2,6% í fyrra). Atvinnuleysi var talsvert meira meðal kvenna en karla. Það var langhæst í aldurshópnum 16-24 ára eða 5,2%.

Atvinnuþátttaka, atvinnuleysi og fjöldi starfandi á þriðja ársfjórðungi 2004-2007

| | | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| Mannfjöldi 16-74 ára | Áætlaður fjöldi | 199.100 | 201.000 | 211.400 | 219.800 |
| Utan vinnumarkaðar | Áætlaður fjöldi | 36.800 | 34.000 | 33.500 | 35.000 |
| Á vinnumarkaði | Áætlaður fjöldi | 162.300 | 167.000 | 177.900 | 184.700 |
| Starfandi | Áætlaður fjöldi | 158.000 | 164.000 | 173.300 | 180.900 |
| Atvinnulausir | Áætlaður fjöldi | 4.300 | 2.900 | 4.600 | 3.800 |
| Atvinnuþátttaka | Hlutfallstölur | 81,5 | 83,1 | 84,2 | 84,1 |
| Atvinnuleysi | Hlutfallstölur | 2,6 | 1,8 | 2,6 | 2,1 |
| Karlar | Hlutfallstölur | 2 | 1,2 | 2,2 | 1,6 |
| Konur | Hlutfallstölur | 3,4 | 2,4 | 3 | 2,7 |
| 16-24 | Hlutfallstölur | 4,9 | 3,5 | 5,1 | 5,2 |
| 25-54 | Hlutfallstölur | 2,3 | 1,3 | 2,1 | 1,4 |
| 55-74 | Hlutfallstölur | 1,8 | 1,6 | 1,8 | 1,3 |
| Vinnutími (fullt starf) | Klukkustundir | 48,2 | 48 | 47,8 | 47,1 |

Heimild: Hagstofa Íslands